



## VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

7. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 verður haldinn þriðjudaginn 18. júní 2024 kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Auk þeirra þau Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

Hér var gengið til dagskrár:

### 1. Kynning á helstu verkefnum sem í gangi eru.

Rætt um eftirfarandi framkvæmdir sem eru á dagskrá ársins 2024. Gunnþór og Hannibal gerðu grein fyrir stöðu einstakra verkefna:

**Brú yfir Hellisholtalækinn:** brúin sjálf er tilbúin en enn vantar efni til uppsetningar. Aðkoma að vinnusvæðinu er snúin og því þarf að skoða það mál betur.

**Framkvæmdir við íþróttahús:** framkvæmdir eru hafnar við innréttingu líkamsræktar og sjúkraþjálfunar í rýminu sem áður hýsti kennslustofur í myndmennt og handmennt sem og skólaselið. Framkvæmdir munu klárast í sumar.

**Framkvæmdir á kennslugangi:** búið er að semja við verktaka. Búið er að tæma svæðið og framkvæmdir munu hefjast innan skamms. Framkvæmdum verður að ljúka í sumar. Sama gildir um tölvustofuna en þar verður skipt um gólfefni í sumar.

**Gluggaskipti, Flúðaskóla:** sömu verktakar og áður hafa skipt um glugga í skólanum hafa tekið að sér verkið. Gluggarnir eru í pöntun og verður ráðist í verkið um leið og þeir verða tilbúnir.

**Endurbætur á skólalóð:** hönnun lokið og undirbúningur á leiksvæðinu er hafinn. Girðingar í kringum fótbolta- og körfuboltavöll verða pantaðar á allra næstu dögum.

**Leikvöllur í norðurbænum:** staðsetning hefur verið ákveðin við enda Ásastígs og búið er að kaupa leiktæki.

**Framkvæmdir á gámasvæði:** Unnið er að endanlegri hönnun svæðisins.

**Skáli, Svínárnesi:** Límtré/Vírnet hafði ekki tók á að afhenda skálann sem rætt hafði verði um fyrr en á næsta ári sem er of seint. Nefndin samþykkir að úr því sem komið er verði húsið hannað að fullu í samræmi við þarfir og í framhaldinu verði leitað að hagstæðasta kostinum við bygginguna á grundvelli þeirrar hönnunar sem þá mun liggja fyrir. Sveitarstjóra falið að ráða hönnuð að verkinu.

**Salerni við fótboltavöllinn:** salernisgámurinn er til og verður staðsettur í suðvestur horni fótboltasvæðisins. Unnið er að uppsetningu.

**Tungufellsdalur:** verið er að hefja og tæta að hluta veginn inn að afréttargirðingu.

**Færsla á hreinsistöð:** unnið er að færslu hreinsistöðvarinnar í Birkihlíð og lagningu nýrrar fráveitu frá Akurgerði. Verkfundargerð mun berast á næsta fund nefndarinnar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "EAS", "DGS", "WA", "JB", "Br", "ACB", and "R".

**Vatnsveita:** í einstöku góðviðri síðastliðinnar helgar var slegið met hvað varðar vatnsnotkun en allt gekk þó vel. Unnið hefur verið að viðgerð á kaldavatnslögn í Heiðarbyggð.

**Hitaveita:** Skipt hefur verið um stofnlögn í Kjóabyggð.

**Ljósleiðari:** Búið er að blása ljósleiðara í Birkihlíð og í Byggð á Bríkum.

2. **Verkfundargerðir Byggð á Bríkum.**

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar en breyting á deiliskipulagi Loðmundartanga er í grenndarkynningu.

3. **Eftirlitsskýrsla Heilbrigðiseftirlits vegna leikskóla.**

Skýrslan er lögð fram til kynningar og yfirmanni eignasjóðs falið að bregðast við þeim ábendingum sem þar koma fram.

4. **Skýrsla ÍSOR: Lindir Blákvíslar. Umræða um framhald.**

Skýrsla ÍSOR um gæði og magn vatnsins í Blákvísl lögð fram. Í skýrslunni kemur fram að vatnstökusvæðið er afar ákjósanlegt og mikið og afar gott neysluvatn er að finna í lindinni. Nefndarmenn sammála um að leita leyfis hjá Forsætisráðuneytinu sem fer með málefni þjóðlendna. Veitustjóra jafnframt falið að vinna málið áfram á grundvelli umræðna á fundinum.

5. **Málefni Flúðaorku: Ársreikningur og skýrsla stjórnar.**


Lagður fram til kynningar ársreikningur Flúðaorku ehf. Veitustjóri fór einnig yfir stöðu mála varðandi nýtingu vatnsins frá Kópavatni. Nefndin felur veitustjóra að vinna áfram að málinu.

6. **Hrunamannavegur 3:**

Eins og fram hefur komið í yfirlýsingu frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur verið ákveðið að ganga að tilboði Hrunamannahrepps í húsnæði fyrir Heilsugæslu Uppsveita Árnessýslu og í kjölfarið mun FSRE ganga til samninga við Hrunamannahrepp um húsnæðið. Stefnt er að undirritun samnings á allra næstu dögum. Um leið og því er lokið munu hönnuðir klára útboðsgögn. Nefndin leggur áherslu á að hratt verði unnið að útboðsgögnum og stefnt að útboði sem allra fyrst.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:55

Bjarney Vignisdóttir  
Katrín Haraldsdóttir  
Dati Geir Samúelsson

  
Guðmundur P. Pálsson  
Altti Hafsteinsson  
Guðmundur K. Geirsson